

Alþingi
Erindi nr. P 139/787
komudagur 7.12.2010

7. desember 2010

Heilbrigðisnefnd Alþingis

Efni: Umsögn mannelisráðs um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna stofnunar nýs embættis landlæknis og lýðheilsu.

Sameining Landlæknisembættisins og Lýðheilsustöðvar eins og greint er frá í frumvarpinu er af hinu góða. Með þessu verður til ný lýðheilsustofnun, sem mun bæði sinna eftirliti samkvæmt fyrri lögum um Landlæknisembætti og lýðheilsuaðgerðum sem tilheyra núverandi Lýðheilsustöð.

Einungis verða hér gerðar fáeinar athugasemdir.

I

2. gr. Nafn stofnunar og forysta

Heitið sem nú er stungið upp á er fremur óþjált og eðlilegra væri að stofnunin hétu einfaldlega Lýðheilsustofnun þar sem það nafn nær best yfir alla starfsemi stofnunarinnar. Til að hið gamla hlutverk og nafn, landlæknir, glattist ekki er ástæða til að hluti stofnunarinnar væri skrifstofa eða embætti landlæknis. Þetta er í samræmi við hliðstæðar stofnanir í öðrum löndum og nútíma starfshætti og vísar til þeirra þverfræðilegu teymisvinnu sem fara mun fram á stofnuninni eigi hún að sinna hlutverkum sínum. Embætti landlæknis og lýðheilsu getur verið undirtitill ef frekari glöggvunar er þörf t.d. á fyrstu starfsárum nýrrar Lýðheilsustofnunar.

Landlæknir sem hefur læknisfræðilega ábyrgð og eftirlitshlutverk þarf vitanlega að vera læknismenntaður, en hins vegar þarf sá sami aðili ekki að veita stofnuninni forsöðu eða stýra því starfi stofnunarinnar sem miðar að lýðheilsuaðgerðum. Fleiri stéttir en læknar hafa aflað sér menntunar og reynslu til að stýra slíku starfi. Jafnvel má ætla, miðað við námsskrá háskóla héraendis og erlendis, að lýðheilsuvísindi séu fyrirferðarmeiri í námi margra annarra stétta. Sömuleiðis má nefna að stór hópur fólks hefur sérmenntað sig í lýðheilsuvísindum í meistara- og doktorsnámi. Ekki er ljóst að sérfræðinám í læknisfræði veiti umfram annað háskólanám þá þekkingu og færni sem þarf til að stýra þverfræðilegri stofnun á sviði lýðheilsu. Því væri ekki rétt að binda stöðu forstöðumanns til framtíðar við lækni.

Það skal þó skýrt tekið fram að þessi athugasemd felur á engan hátt í sér gagnrýni á þá ráðstöfun að núverandi landlæknir veiti hinni nýju stofnun forstöðu.

II

8. gr. Um landsskrár o.þ.h.

Áætlað er að bæta skrá um sykursýki við landsskrár. Einnig er ástæða til að halda skrár á landsvísu um mun fleiri atriði en þær sem tilgreindar eru í núverandi lögum með þessari viðbót. Í því sambandi má nefna söfnun upplýsinga og skrá um áhrifaþætti heilsu, til dæmis mataræði landsmanna, notkun tóbaks og vímuefna og söfnun upplýsinga og skrá á öðrum þáttum bæði

félagslegum og heilsufarslegum. Mikilvægt er að stofnunin meti áhrif hvers kyns breytinga á aðstæðum og áhrif lýðheilsuaðgerða á heilsu og líðan fólks. Hér má nefna að sótt er talsvert til vísindamanna og stofnana sem stunda rannsóknir á ýmsum heilsufars- og félagslegum þáttum heilsu reglubundið og þeir beðnir um upplýsingar af ýmsu tagi.

III

Ný grein og 6.gr. sem verður I.kafli A 3.gr.a Nauðsyn sérfræðipækkingar og fagráða

Koma þarf skýrt fram í lögunum að sérfræðipækking sem er nauðsynleg til að rækja meginhlutverk stofnunarinnar þarf að vera til staðar innan hennar (**ný grein**) og fagráð (6.gr. verður I.kafli A 3.gr.a) skylda. Þannig er sérfræðipækking á ýmsum sviðum s.s. næringarfræði nauðsyn til að besta þekking og reynsla verði til staðar til að sinna meginhlutverkum stofnunarinnar, sem nefnd eru í staflíð a-d og h,l og m í núverandi gr.4 og verðandi I kafla samkv. fv. Þessi sérfræðipækking er m.a. nauðsynleg til að meta hvenær þarf frekari fræðilega könnun, mælingar o.þ.h. Þannig er til dæmis einhver þekking um holl matvæli ekki nægjanleg, heldur þarf þekkingu á mataræði, neysluvenjum, lífsstíl, framleiðslu og innihaldi matvæla og áhrifum þessa á heilsuna. Nauðsynlegt er að geta til dæmis metið næringuna bæði í forvarmaskyni og með tilliti til hugsanlegrar hættu fyrir heilsu viðkvæmra hópa eins og verðandi mæðra, ungbarna og aldraðra. Sjá einnig síðustu málsgrein í Athugasemdum um frumvarpið „Við hinu nýja embætti blasa margvisleg verkefni sem snerta lífshlaup landsmanna.. Lýðheilsustarf nýrrar stofnunar mun felast í fjölbreyttum verkefnum sem snerta m.a. hreyfingu, mataræði og vaxandi offitu landsmanna...“ Í framhaldinu er getið um lýðheilsustarf sem snertir uppeldi og þroska barna, forvarnir gegn áfengis-, tóbaks- og vímuefnanotkun. Allt þetta krefst sérfræðipækkingar til að þverfagleg nálgun megi verða möguleg í lýðheilsustarfinu.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið og eindregið mælt með að það nái fram að ganga með þeim breytingum sem hér eru nefndar.

Inga Þórsdóttir prófessor
formaður manneldisráðs